



103.Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu.

6. júní 2011 kl. 10.00

Mættir Gunnar Þorgeirsson, Eyþór Arnalds formaður, Ólafur Örn Ólafsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Kristján Einarsson.

- Sameiningarmál:** Til fundar komu fulltrúar Hveragerðisbæjar Aldís Hafsteinsdóttir og Unnur Þormóðsdóttir farið var yfir aðkomu slökkviliðsins í Hveragerði inn í BÁ. Lagt fram skiptihlutföll kostnaðar milli sveitarfélaganna eftir innkomu Hveragerðis. Farið yfir eignarhlut sveitarfélaganna með innkomu nýrra sveitarfélaga inn í BÁ. Samþykkt að gera eignalista um inngöngu Hveragerðis sem gilti í 4 ár frá undirskrift samþykktanna, breytingin verður sett inn í 17. grein. Samþykkt að skuldbindingar Hveragerðisbæjar vegna hugsanlegra vangreiddra launa þegar yfirfærslan á sér stað verði á ábyrgð Hveragerðisbæjar.
- Húsnæðismál útstöðvanna:** Til fundarins komu Valtýr Valtýrsson, Halldór Karl og Drífa Kristjánsdóttir farið var yfir leigugreiðslur BÁ í Reykholti og Laugarvatni. Rætt um leiguverð og samræmi milli stöðva. Lagt er til að leiguverð í útstöðvum verði kr. 650 pr. fm. Samþykkt að ganga frá samningum um breytta húsaleigu frá og með 1. júlí 2011. Slökkvistjóra falið að leggja fram nýja kostnaðarútreikninga miðað við breyttar forsendur.
- Ársreikningur 2010:** Til fundarins kom Einar Sveinbjörnsson og fór yfir reikninginn og helstu forsendur hans einnig rætt um eignarhluta þeirra eigna sem koma inn með aðkomu Sveitarfélagsins Ölfus á reiknisárinu. Einari falið að bæta inn eignum sem koma inn vegna sameiningar við Ölfus. Reikningnum vísað til næsta fundar til afgreiðslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12.30